

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Ráðið	
	2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2010/EES/15/01</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5724 – Suez Environnement/Agbar) . . . . .	<b>1</b>
<b>2010/EES/15/02</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5738 – Commerzbank/Conergy) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>2</b>
<b>2010/EES/15/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.5845 – Bain Capital/Styron Business) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	<b>3</b>
<b>2010/EES/15/04</b>		Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni . . . . .	<b>4</b>
<b>2010/EES/15/05</b>		Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (tilkynning um umsókn um sérleyfi til olú- og gasleitar sem kennt er við „Dormans“). . . . .	<b>5</b>

<b>2010/EES/15/06</b>	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/04/10 – Stuðningur við tilraunaverkefni . . . . .	<b>6</b>
<b>2010/EES/15/07</b>	MEDIA 2007 – Auglýsing eftir tillögum – EACEA/05/10 – Stuðningur við starfsemi á sviði þöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis . . . . .	<b>8</b>
<b>2010/EES/15/08</b>	Auglýsing eftir tillögum EACEA/10/10 samkvæmt Áætlun um símenntun – Stuðningur við samstarf milli Evrópuríkja á sviði menntunar og starfsfræðslu . . . . .	<b>10</b>

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5724 – Suez Environnement/Agbar)**

**2010/EES/15/01**

1. Framkvæmdastjórninni barst 18. mars 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem franska fyrirtækið Suez Environment Company, SA („SE“), sem lýtur yfirláðum frönsku samsteypunnar Gaz de France/Suez Group gegnum önnur félög, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirláð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í spænska fyrirtækinu Sociedad General de Aguas de Barcelona, S.A. („Agbar“), sem lýtur nú yfirláðum SE og spænska fyrirtækisins Criteria CaixaCorp S.A. í sameiningu..
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SE: þjónusta á sviði vatnsveitu og meðhöndlunar fráveituvatns
  - Agbar: þjónusta á sviði vatnsveitu og meðhöndlunar fráveituvatns, ásamt annarri starfsemi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 78, 27. mars 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5724 – Suez Environnement/Agbar, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5738 – Commerzbank/Conergy)**

2010/EES/15/02

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. mars 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Commerzbank AG öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflaðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu Conergy AG.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Commerzbank AG: allar tegundir fjármálaþjónustu
  - Conergy AG: sólarorkufyrirtæki sem sinnir framleiðslu og dreifingu á vörum og kerfislausnum á sviði ljósspennutækni; fyrirtækið hefur með höndum umfangsmikil verkefni á sviði endurnýjanlegrar orku
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 89, 6. apríl 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5738 – Commerzbank/Conergy, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál COMP/M.5845 – Bain Capital/Styron Business)**

2010/EES/15/03

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 23. mars 2010 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Bain Capital Investors LLC („Bain Capital) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi stafliðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í fyrirtækjunum Styron LLC og Styron Holding BV (einu nafni „Styron-fyrirtækjunum“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bain Capital: fjárfestingar í óskráðum félögum
  - Styron-fyrirtækin: framleiðsla á latexefnum, gervigúmi og vissum plastefnum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 85, 31. mars 2010). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.5845 – Bain Capital/Styron Business, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Orðsending efnahagsráðherra Konungsríkisins Hollands með vísan til 2. mgr. 3. gr. 2010/EES/15/04  
tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun  
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

Efnahagsráðherra gjörir kunnugt að borist hefur umsókn um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæðisskika D12, sbr. kortið sem birt er í 3. viðauka við námareglugerð („Mijnbouwregeling“) (sjá *Staatscourant* (hollenska lögbirtingablaðið) nr. 245, 2002). Svæðið, sem hér um ræðir, verður nefnt leitarsvæðisskiki D12b.

Með vísan til ofangreindrar tilskipunar og ákvæða 15. gr. námálaga („Mijnbouwwet“) (*Staatsblad* (hollensku stjórnartíðindin) nr. 542, 2002) auglýsir efnahagsráðherra eftir samkeppnisumsóknum áhugaaðila um leyfi til kolvetnisleitar á leitarsvæðisskika D12b á hollenska landgrunninu.

Leitarsvæðisskiki D12b afmarkast af breiddarbaugsbogum sem tengja hornpunktapörin B-C og D-E og liggja í gegnum hornpunkt F, lengdarbaugsbogum sem tengja hornpunktapörin C-D og E-F, stórbaugsboga sem tengir hornpunkta A og B og mörkum hins hollenska hluta landgrunnins milli hornpunktanna A og G.

Hnit hornpunktanna eru sem hér segir:

Hornpunktur	°	'	" A	°	'	" N
A	2	49	14,424	54	28	58,850
B	2	52	0,000	54	24	54,000
C	2	47	18,000	54	24	54,000
D	2	47	18,000	54	22	14,000
E	2	49	23,000	54	22	14,000
F	2	49	23,000	54	20	0,000
G	Skurðpunktur lengdarbaugsboga sem liggur í gegnum hornpunkt F og marka hins hollenska hluta landgrunnins					

Ofangreindir hornpunktar eru skilgreindir með jarðhnitum í Evrópska jarðmiðviðskerfinu.

Flatarmál leitarsvæðisskika D12b er 40,5 km<sup>2</sup>.

Úthlutun leyfa er í höndum efnahagsráðherra. Viðmið, skilmálar og kröfur, sem um getur í 1. og 2. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. ofangreindrar tilskipunar, koma fram í námalögum („Mijnbouwwet“) (sjá *Staatsblad* nr. 542, 2002).

Tekið verður á móti umsóknum í 13 vikur eftir að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (23.3.2010). Umsóknir ber að senda efnahagsráðherra:

De Minister van Economische Zaken  
ter attentie van J.C. De Groot, directeur Energiemarkt  
ALP/562  
Bezuidenhoutseweg 30  
Postbus 20101  
2500 EC Den Haag  
NEDERLAND

Umsóknir, sem berast eftir að fresturinn rennur út, verða ekki teknar til greina.

Ákvörðun um umsóknirnar verður tekin eigi síðar en 12 mánuðum eftir að fresturinn rennur út.

Nánari upplýsingar veitir hr. E.J. Hoppel í síma +31 703797088.

**Orðsending stjórnvalda í Frakklandi með vísan til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (<sup>1</sup>)** **2010/EES/15/05**

*(Tilkynning um umsókn um sérleyfi til olíu- og gasleitara sem kennt er við „Dormans“)*

Samkvæmt umsókn, sem lögð var fram 18. september 2009, hefur fyrirtækið Concorde Energy LLC, sem er skráð að 1537 Bull Lea Road, Suite 200, Lexington KY 40511, United States, farið fram á einkanytjaleyfi til fjögurra ára, sem kennt er við „Dormans“, til að leita að olíu og gasi á svæði sem er hér um bil 952,05 km<sup>2</sup> og liggur í sýslunum Aisne og Marne.

Svæðið, sem leyfið tekur til, markast af lengdarbaugs- og breiddarbaugsbogum sem mætast í hornpunktum sem skilgreindir eru með hnitum hér fyrir neðan. Talið er frá núlllengdarbaugi sem liggur í gegnum París; hnit eru í nýgráðum.

Hornpunktur	Lengd	Breidd
A	1,4 gr A	54,7 gr N
B	1,7 gr A	54,7 gr N
C	1,7 gr A	54,5 gr N
D	1,8 gr A	54,5 gr N
E	1,8 gr A	54,3 gr N
F	1,52 gr A	54,3 gr N
G	1,52 gr A	54,33 gr N
H	1,47 gr A	54,33 gr N
I	1,47 gr A	54,35 gr N
J	1,44 gr A	54,35 gr N
K	1,44 gr A	54,36 gr N
L	1,42 gr A	54,36 gr N
M	1,42 gr A	54,37 gr N
N	1,4 gr A	54,37 gr N
O	1,4 gr A	54,5 gr N
P	1,3 gr A	54,5 gr N
Q	1,3 gr A	54,6 gr N
R	1,4 gr A	54,6 gr N

**Tilhögun umsókna og skilyrði fyrir úthlutun leyfa**

Upphaflegur umsækjandi og aðrir, sem keppa um leyfið, skulu færa sönnur á að þeir fullnægi kröfum sem gerðar eru til umsækjenda og skýrðar eru í 4. og 5. gr. tilskipunar 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Fyrirtækjum, sem þess kynnu að óska, er heimilt að keppa um sérleyfið með umsókn sem leggja ber fram áður en 90 dagar eru liðnir frá því að auglýsing þessi birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* (26. mars 2010) í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í tilkynningu um úthlutun námaréttinda fyrir kolvetni í Frakklandi er birt var í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna C 374* hinn 30. desember 1994, bls. 11, og staðfest með tilskipun 2006-648 frá 2. júní 2006 um námaréttindi og réttindi til geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Samkeppnisumsóknum skal beint til ráðherra námarekstrar og ber að senda þær á neðangreint pósthfang. Ákvarðanir um upphaflegu umsóknina og hugsanlegar samkeppnisumsóknir verða teknar áður en tvö ár eru liðin frá því að upphaflega umsóknin barst stjórnvöldum í Frakklandi, þ.e. eigi síðar en 18. september 2011.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 164, 30.6.1994, bls. 3.

**Skilmálar og kröfur að því er varðar rekstur starfseminnar og lok hennar**

Umsækjendum er bent á ákvæði 79. gr. og gr. 79.1 í námalögum („code minier“) og tilskipunar 2006-649 frá 2. júní 2006 um námavinnslu og geymslu efna í jörð, auk námareglugerðar og reglugerðar um geymslu efna í jörð (*Journal officiel de la République française*, 3. júní 2006).

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðuneyti umhverfis- og orkumála, haldbærrar þróunar og sjávar: Direction générale de l'énergie et du climat, Direction de l'énergie, Sous-direction de la sécurité d'approvisionnement et nouveaux produits énergétiques Grande Arche – Paroi Nord, 92055 La Défense Cedex, France. Sími +33 140819529.

Unnt er að nálgast lög og reglugerðir, sem að ofan greinir, á vefsetrinu Légifrance: <http://www.legifrance.gouv.fr>

MEDIA 2007

2010/EES/15/06

**Auglýsing eftir tillögum – EACEA/04/10****Stuðningur við tilraunaverkefni****1. Markmið og lýsing**

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageirannum (MEDIA 2007).

Samkvæmt ákvörðuninni ber meðal annars að styðja framkvæmd tilraunaverkefna.

Heimilt er á grundvelli áætlunarinnar að styðja tilraunaverkefni til að tryggja að hún fylgi markaðsþróun, og þá með sérstakri áherslu á innleiðingu og notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.

**2. Hlutgengir umsækjendur**

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- Einu EFTA-ríkjanna
- Sviss
- Króatíu

**3. Styrkhæf starfsemi**

Eftirtaldir aðgerðir geta hlotið styrki samkvæmt þessari auglýsingu:

1. Dreifing: Nýjar aðferðir við framleiðslu og dreifingu á evrópsku hljóð- og myndefni með ólínulegum hætti
2. Opið framleiðsluumhverfi fyrir fjölmiðlaefni
3. Dreifing, kynning og markaðssetning: Uppbygging svæðisbundinna „kvikmyndasamfélaga“ með notkun veraldarvefjarins



4. „Junction Media Portal“: Meiri og betri aðgangur að og nýting á skipulegum upplýsingum um evrópskt hljóð- og myndefni
5. Tilraunaverkefni sem hlotið hafa styrki áður: Aðgerðir sem hafa verið styrktar þegar áður hefur verið auglýst eftir tillögum um tilraunaverkefni samkvæmt MEDIA-áætluninni

Aðgerðirnar mega ekki standa lengur en í 12 mánuði.

Aðgerðirnar verða að hefjast 1. janúar 2011 og þeim verður að vera lokið 31. desember 2011.

#### 4. Viðmið við úthlutun

Umsóknir um aðgerðir, sem teljast styrkhæfar, verða metnar samkvæmt eftirtöldum úthlutunarviðmiðum:

- Hvaða gildi starfsemin hefur með hliðsjón af markmiðum áætlunarinnar (20%)
- Hver Evrópuþáttur starfseminnar er (20%)
- Hversu skýrt er greint frá markmiðum og markhópum (15%)
- Hvort almenn útfærsla aðgerðarinnar einkennist af skýrleika og samkvæmni og hvaða líkur eru á að sett markmið náist á starfstímanum (15%)
- Hversu hagkvæm aðgerðin er (10%)
- Hvaða reynslu hlutaðeigandi samtök hafa og hversu vönduð rekstraráætlun er lögð fram (10%)
- Hversu vönduð og skilvirk áætlun er lögð fram um dreifingu niðurstaðna (10%)

#### 5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 1,5 milljónum evra.

Ekkert hámark er sett á einstaka styrki.

Fjárframlög verða greidd sem styrkir. Fjárframlagið verður í engu tilviki hærra en sem nemur 50% af styrkhæfum kostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

#### 6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 14. júní 2010.

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberu umsóknareyðublaði með undirskrift fulltrúa umsóknarsamtakanna sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þeirra. Umslög skulu merkt greinilega á þennan hátt:

MEDIA 2007 – Pilot Projects – EACEA/04/10

Umsóknir verða að berast í ábyrgðarbréfi eða með boðsendingu (á kostnað umsækjanda) á eftirfarandi pósthfang:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency  
MEDIA 2007 – Pilot Projects – EACEA/04/10  
Mr Constantin Daskalakis  
Avenue du Bourget/Bourgetlaan 1  
BOUR 03/30  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir, sem sendar eru með símbrefi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

## 7. Nánari upplýsingar

Ítarlegar umsóknarleiðbeiningar og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:  
[http://ec.europa.eu/information\\_society/media/newtech/pilot/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/information_society/media/newtech/pilot/index_en.htm)

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.

**MEDIA 2007**

**2010/EES/15/07**

### Auglýsing eftir tillögum – EACEA/05/10

#### Stuðningur við starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis

##### 1. Markmið og lýsing

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007).

Samkvæmt ákvörðuninni ber meðal annars að styðja starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis.

Styrkir til starfsemi á sviði pöntunarsjónvarps og dreifingar stafræns kvikmyndaefnis er ein þeirra leiða sem farin er samkvæmt áætluninni MEDIA 2007 til þess að tryggja að styrkþegar áætlunarinnar taki mið af nýrri tækni og vinnuaðferðum í starfsemi sinni.

Meginmarkmið styrkjanna er að yta undir gerð og hagnýtingu skráa um evrópsk verk sem setja á í stafræna dreifingu milli landa til stærra áhorfendahóps og/eða rekenda kvikmyndahúsa gegnum þróuð dreifingarkerfi, og þannig að stafræn afritunarvörn sé notuð þar sem það er nauðsynlegt.

##### 2. Hlutgengir umsækjendur

Auglýsingu þessari er beint til fyrirtækja í Evrópu sem stuðla með starfsemi sinni að ofangreindum markmiðum.

Umsækjendur verða að koma frá einu eftirtalinna ríkja:

- Einu hinna 27 aðildarríkja Evrópusambandsins,
- Einu EFTA-ríkjanna
- Sviss
- Króatíu

##### 3. Styrkhæf starfsemi

Eftirtaldir aðgerðir geta hlotið styrki samkvæmt þessari auglýsingu:

1. Pöntunarsjónvarp: Þjónusta sem gerir einstaklingum kleift að velja hljóð- og myndefni af miðlægum þjóni og skoða það á fjarlægum skjá með streyminu og/eða niðurhali
2. Dreifing stafræns kvikmyndaefnis: Dreifing „kjarnaefnis“, þ.e. kvikmynda í fullri lengd, sjónvarpsmynda eða sjónvarpsþáttaraða og stuttmynda (leikinna mynda, hreyfimynda og skapandi heimildamynda), á stafrænu formi (í samræmi við fullnægjandi staðla samkvæmt því sem tíðkast í greininni) til almennra sýninga í kvikmyndahúsum (á harðdiskum, um gervitungl, um net o.s.frv.)

Aðgerðirnar mega ekki standa lengur en í 18 mánuði.

Aðgerðir verða að hefjast á tímabilinu 1. júlí 2010 til 1. janúar 2011. Þeim verður að vera lokið 31. desember 2011.

#### 4. Viðmið við úthlutun

Umsóknir um aðgerðir, sem teljast styrkhæfar, verða metnar samkvæmt eftirtöldum úthlutunarviðmiðum:

- Hvert efnisframboðið er og hvaða útgáfustefnu er fylgt (10%)
- Hver Evrópuþáttur efnisframboðsins er (20%)
- Hversu vönduð og hagkvæm starfsáætlun er lögð fram (20%)
- Hvaða markaðsáætlun er fylgt (20%)
- Hvaða nýskapandi þættir einkenna aðgerðina (10%)
- Hver tengslin eru við samtök og net dreifenda (10%)
- Markhópur áhorfenda og hugsanleg áhrif (10%)

#### 5. Fjárveiting

Fjárveiting nemur alls 7 milljónum evra.

Ekkert hámark er sett á einstaka styrki.

Fjárframlög verða greidd sem styrkir. Fjárframlagið verður í engu tilviki hærra en sem nemur 50% af styrkhæfum kostnaði.

Framkvæmdastofnunin áskilur sér rétt til að úthluta ekki öllu því fé sem er til ráðstöfunar.

#### 6. Umsóknarfrestur

Umsóknir verða að berast framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) eigi síðar en 21. júní 2010.

Umsóknir verða teknar til greina því aðeins að þær berist á opinberu umsóknareyðublaði með undirskrift fulltrúa umsóknarsamtakanna sem hefur umboð til lagalegra skuldbindinga fyrir hönd þeirra. Umslög skulu merkt greinilega á þennan hátt:

MEDIA 2007 – Video on Demand and Digital Cinema Distribution – EACEA/05/10

Umsóknir verða að berast í ábyrgðarbréfi eða með boðsendingu (á kostnað umsækjanda) á eftirfarandi pósthöfund:

Education, Audiovisual and Culture Executive Agency  
MEDIA 2007 – Video on Demand and Digital Cinema Distribution – EACEA/05/10  
Mr Constantin Daskalakis  
Avenue du Bourget 1  
BOUR 03/30  
1049 Bruxelles/Brussel  
BELGIQUE/BELGIË

Umsóknir, sem sendar eru með símbréfi eða rafpósti, verða ekki teknar til greina.

#### 7. Nánari upplýsingar

Ítarlegar umsóknarleiðbeiningar og umsóknareyðublöð er að finna á eftirfarandi vefslóð:

[http://ec.europa.eu/information\\_society/media/newtech/vod\\_dcc/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/information_society/media/newtech/vod_dcc/index_en.htm)

Fullnægja ber öllum skilmálum leiðbeininganna og skila umsóknum á til þess gerðum eyðublöðum.

**Auglýsing eftir tillögum EACEA/10/10 samkvæmt Áætlun um símenntun****2010/EES/15/08****Stuðningur við samstarf milli Evrópuríkja á sviði menntunar og starfsfræðslu**

Auglýst er eftir tillögum með það að markmiði að styrkja mótun og framkvæmd samstæðrar og víðtækrar stefnu á sviði símenntunar á landsvísu, héraðsvísu og staðarvísu. Allar helstu upplýsingar um þessa auglýsingu hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* [C 73, 23.3.2010, bls. 35](#).